

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 08
Dags.: 30.08.2011
Höfundur: HRS
Samþykkt:SHJ
Síða 1 af 1

**Verkmenntaskólinn á Akureyri**  
**Áfangaheiti STÆXS12**  
**Kennsluáætlun haustönn 2013**



<b>Kennari</b>	Guðrún Ásta Guðjónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	GÁS
----------------	---------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er stefnt að því að byggja upp sjálfstraust nemenda gagnvart stærðfræðinni, viðhalda og auka við þá kunnáttu sem þeir hafa. Áfanginn byggist á ýmsum hagnýtum þáttum úr stærðfræði í daglegu lífi, talnareikningi og bókstafsreikningi. Nemendur fá verkefni við hæfi sem þeir leysa á eins sjálfstæðan hátt og þeir geta. Þeir eiga einnig kost á að taka STÆ 193, 293 og/eða undirbúning undir þá áfanga.

**Markmið:** Að efla færni nemenda í reikningi, auka kunnáttu þeirra í grunnaðgerðum sem nýtast í daglegu lífi og veita þeim yfirsýn yfir almennar reiknireglur. Að þjálfa rökræna hugsun nemenda, talnaskilning og góð vinnubrögð og að búa þá undir frekara stærðfræðinám og daglegt líf. Lögð er áhersla á vandvirkni og gott skipulag.

**Námsgögn:** Allt með tölu, eftir Sigurlaugu Kristmannsdóttur. Tölur, magn, verðmæti eftir Helga Jósefsson. Upp á punkt, eftir Kjartan Heiðberg. Ýmis konar einstaklingsmiðuð hefti unnin, sett saman af kennara og miðast við getu hvers nemanda.

**Áætlun um yfirferð:** Nemendur vinna eftir einstaklingsáætlun eða áætlunum fyrir litla hópa.

**Námsmat, vægi námsþátta:** Virkni/ástundun 15%, mætingar 10%, sjálfsmat 5%, heimanám 10%, verkefni og kannanir 20% og lokapróf 40%.

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðengils